

Nd.

519. Frumvarp til laga

[180. mál]

um fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1949).

1. gr.

Ríkið rekur fiskvinnslustöð í Reykjavík, er nefnist fiskiðjuver ríkisins.

2. gr.

Fiskiðjuver ríkisins skal frysta og sjóða niður fisk og sild og verka þessi hráefni á annan þann hátt, sem stjórn þess ákveður í hvert sinn og aðstæður leyfa. Það skal framleiða ís, og enn fremur heimilast því að hafa á hendi fisksölu til bæjarbúa í Reykjavík.

Það skal og hafa forgöngu um að reyna nýjar aðferðir við verkun á fiski, enda verði veitt fé í því skyni í fjárlögum hverju sinni, ef slíkar tilraunir hafa í för með sér verulegan kostnað. Sérstaklega skal unnið að athugunum á því, hvort niðursuða í stórum stíl sé arðvænleg hér á landi. Við tilraunir þessar skal höfð samvinna við atvinnudeild háskólans og fiskmatsstjóra.

3. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast lán allt að 1200000 króna, er tekið verður innanlands eða utan til þess að fullgera fiskiðjuverið. Enn fremur heimilast henni að ábyrgjast rekstrarlán, allt að 500000 kr., er tekið verður til þess að framleiða nýjar tegundir afurða, sem fiskiðjuverið reynir að afla markaða fyrir erlendis.

4. gr.

Stjórn fiskimálasjóðs annast stjórn fiskiðjuvers ríkisins. Fiskiðjuverið skal rekjið sem sjálfseignarstofnun með sérstöku reikningshaldi, og skal fjárhagur þess vera algerlega aðskilinn frá fjárhag fiskimálasjóðs. Stjórn fiskimálasjóðs fær ekki sérstaka þóknun fyrir stjórn fiskiðjuvers ríkisins. Til að skuldbinda fiskiðjuverið þarf undirskrift meiri hluta stjórnenda.

5. gr.

Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldum fiskiðjuversins, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi.

6. gr.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, er hefur á hendi daglega stjórn fiskiðjuversins og umsjón með rekstrinum. Hann annast og sölu afurða í samráði við stjórnina. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir fyrirtækið. Stjórnin ákveður með erindisbréfi starfssvið framkvæmdastjórans og laun hans að fengnu samþykki ráðherra. Áður en ráðizt er í meiri háttar framkvæmdir, skal jafnan leitað samþykkis ráðherra og leggja fyrir hann ýtarlega greinargerð og kostnaðaráætlun.

7. gr.

Endurskoðendur skulu skipaðir af ráðherra.

8. gr.

Reikningsár fiskiðjuversins er almanaksárið. Skal stjórn þess gera reikningskil fyrir starfsárið eigi síðar en svo, að endurskoðendur geti lokið störfum fyrir 30. apríl ár hvert. Af byggingarkostnaði húsa og annarra mannvirkja skal afskrifa a. m. k. 3% og a. m. k. 10% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda. Tekjuafgangur skal lagður í varasjóð. Þegar endurskoðun er lokið, skal senda ráðherra afrit af efnahags- og rekstrarreikningum fiskiðjuversins, undirskrifað af stjórn þess og áritað af endurskoðendum, ásamt skýrslu um störf og rekstur fiskiðjuversins á árinu. Reikningar skulu árlega birtir í B-deild stjórnartíðinda.

9. gr.

Fiskiðjuver ríkisins greiðir ekki útsvar né tekju- og eignarskatt.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja félagi útvegsmanna og útgerðarfyrirtækja fiskiðjuver ríkisins, enda sé þátttaka almenn í félagi þessu.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin telur nauðsyn bera til, að lög verði sett um fiskiðjuver ríkisins, hlutverk þess og stjórn svo og afstöðu þess gagnvart ríkissjóði. Fiskiðjuverið hefur nú starfað um tveggja ára skeið án þess að unnt hafi verið að fullgera það að vélum og öðrum nauðsynlegum búnaði. Þar sem þegar hefur verið varið um 7 milljónum króna til byggingar og véla fiskiðjuversins, virðist augljóst, að reyna beri að auka svo vélakostinn, að það geti starfað með fullum afköstum. Hér á eftir fer greinargerð stjórnar fiskimálasjóðs um hag fiskiðjuversins og framtíðarhorfur.

Fylgiskjal.

Greinargerð stjórnar fiskimálasjóðs.

Árið 1945 réðst fiskimálanefnd í það að reisa fiskvinnslustöð þá í Reykjavík, sem hlotið hefur nafnið Fiskiðjuver ríkisins. Var þetta gert samkvæmt almenntri heimild í lögum um fiskimálanefnd, og gaf ráðherra samþykki sitt til þess með bréfi dags. 19. júní 1945.

Fiskimálanefnd hafði, svo sem kunnugt er, haft forgöngu með framleiðslu og sölu á hraðfrystum fiski á fyrstu árum þess iðnaðar á Íslandi, og hafði nefndin, þar til hin nýja fiskvinnslustöð var byggð, rekið frystihúsið Ísbjörninn í Reykjavík. Var tilgangurinn með hinu nýja fyrirtæki meðal annars að koma upp nýttizku frystihúsi, skipulagi en hér hefur áður tíðkast, en svo sem kunnugt er, hafa niðursoðinn fiskur til endurbóta á þessari framleiðslu. Framleiðsluafköst frystihússins eru 30—35 tonn af flökum, miðað við 16 klst. frystingu.

Auk frystingar var ætlunin að sjóða niður fisk og síld í allstórum stíl og gera ýtarlegar tilraunir til þess að afla markaða fyrir niðursoðnar fiskafurðir. Þótti það sýnilegt, að hægt væri að lækka framleiðslukostnað á niðursoðnum fiskafurðum talsvert frá því, sem verið hafði á Íslandi, með notkun betri véla og fullkomnara skipulagi en hér hefur áður tíðkast, en svo sem kunnugt er, hafa niðursoðinn fiskur og síld ekki enn þá orðið verulegur liður í útflutningi frá Íslandi, enda þótt ýmis skilyrði virðist vera fyrir eflingu þessarar verkunaraðferðar hér á landi. Má í því sambandi benda á það, að árið 1948 fluttu Norðmenn út niðursoðnar fiskafurðir fyrir

h. u. b. 120 milljónir norskra króna, og þar af voru vörur unnar úr stórsild fyrir hér um bil 25 milljónir, en úr smásild, eins og sums staðar veiðist á fjörðum hér við land, fyrir h. u. b. 45 milljónir norskra króna. Er það augljóst, að Íslendingum ber að leggja áherzlu á að auka þessa framleiðslu, en jafnframt er fyrirsjáanlegt, að ekki verður hægt að ná góðum árangri, nema hún sé rekin í allstórum stíl og með þeim beztu vélum, sem kostur er á, þannig að vinnslukostnaðurinn verði sem allra minnstur.

Fiskiðjuverið hefur nú þegar h. u. b. fullgerðar vélasamstæður til þess að sjóða niður sild í allstórum stíl, eða um 25—30 þús. dósir á 8 klst., og hafa vörur þær, sem það hefur selt til útlanda, líkað mjög sæmilega. Hér er þó aðeins um byrjun að ræða, og verður vafalaust nauðsynlegt að auka til muna fjölbreytni varanna og hafa þá jafnframt um það samráð við væntanlega kaupendur, hvað bezt hentar í hverju landi. Enn fremur hefur fiskiðjuverið þegar aðstöðu til að sjóða niður fisk og þunnildi, og er svo til ætlað, að það beiti sér meðal annars fyrir því að vinna ýmsar vörur til manneldis úr þeim hlutum fisksins, sem lúngað til hafa að mestu farið forgörðum eða einungis verið notaðir sem hráefni í fiskimjöl.

Auðvitað hlýtur tilraunastarfsemi af þessu tagi að verða ærið kostnaðarsöm, en vonir standa til, að reksturinn geti staðið undir þeim kostnaði að nokkru leyti, og er þó gert ráð fyrir, að um sérstakar fjárveitingar til slíkra starfa geti orðið að ræða. Er eðlilegt, að hið opinbera þurfi að standa straum af slíkri tilraunastarfsemi til aukinnar fjölbreytni í fiskiðnaði hér á landi, ekki síður en í nágrennanalöndunum, þar sem fjöldi faglærðra manna vinnur stöðugt að því með ærnum tilkostnaði að endurbæta og auka fjölbreytni í framleiðslu á fiskafurðum.

Þá er gert ráð fyrir að framleiða í fiskiðjuverinu allt að 45 tonn af ís á sólarhring, og ætti sala á ís að geta orðið allveruleg tekjulind fyrir fyrirtækið.

Auk þess að reka ofangreinda starfsemi, er gert ráð fyrir, að fiskiðjuverið annist heildsölu á fiski í Reykjavík, og hefur það þegar gert samning um það við Reykjavíkurbæ. Húsnæði fyrir starfrækslu þessa er þegar fullgert, og stendur nú aðeins á því, að bærinn gefi út reglugerð um sölu þessa, svo sem gert er ráð fyrir í samningnum.

Rekstur fiskiðjuversins sem sjálfstæðs fyrirtækis hófst 1. marz 1947. Voru þá í stjórn þess þeir Þorleifur Jónsson, Pálmi Loftsson og Lúðvík Jósefsson, sem þá skipuðu einnig fiskimálanefnd. Eftir að fiskimálanefnd var lögð niður 1947, héldu sömu menn áfram stjórn fiskiðjuversins, þar til 21. október sama árs, er hinni nýju stjórn fiskimálasjóðs var falin stjórn þess með bréfi frá sjávarútvegsmálaráðherra.

Heildarstofnkostnaður fiskiðjuversins eins og það er nú hefur orðið kr. 6 850 248.97, og sundurliðast hann þannig:

Bygging	kr. 4 619 591.88
Vélar	— 2 112 025.72
Áhöld	— 90 583.65
Skrifstofuáhöld	— 28 047.72
Samtals	kr. 6 850 248.97

Stofnlán fyrirtækisins eru sem hér segir:

Stofnlánadeild sjávarútv. ...	kr. 3 333 000.00
Fiskimálanefnd I	— 750 000.00
Fiskimálanefnd II	— 515 000.00
Fiskveiðasjóður	— 400 000.00
Bæjarsjóður Reykjavíkur ..	— 350 000.00
Fiskimálanefnd, bráðab.lán	— 703 267.13
Landsbanki Íslands, víxill ..	— 800 000.00
Ríkissjóður Íslands	— 301 817.00
Samtals	kr. 7 153 084.13

Mismunurinn á heildarupphæð lánanna og hinum bókfærða stofnkostnaði stafar af ýmsum birgðum, tapi á rekstrinum o. s. frv.

Árið 1947 var fyrsta starfsár fiskiðjuversins. Alls var frystur það ár fiskur, sem nam að útflutningsverðmæti kr. 1 620 207.95. Niðursoðin vara var flutt út það ár fyrir kr. 78 661.35, en seld innanlands fyrir kr. 6 067.60. Árið 1948 var frystur fiskur, sem nam að útflutningsverðmæti kr. 2 915 442.29. Niðursoðin vara var flutt út á árinu fyrir 991 854.37, en seld innanlands fyrir kr. 179 582.60. Fryst sild var seld á árinu fyrir kr. 254 737.50.

Árið 1947 var tap samkvæmt rekstrarreikningi kr. 289 552.55. Í þessu sambandi ber að geta þess, að þetta var fyrsta starfsár fyrirtækisins. Frystingin var í fyrstu rækin við erfið skilyrði, þar eð ýmislegt var ófullgert, og niðursuðan varð hverfandi lítil. Árið 1948 hefur rekstrarhallinn orðið kr. 106 671.27, og eru þar með taldir dráttarvextir af vangoldnum afborgunum og lánum, að upphæð kr. 78 072.10. Tap auk dráttarvaxtanna hefur því orðið kr. 28 559.17. Heildarvaxtakostnaður á árinu að meðtöldum dráttarvöxtum hefur orðið kr. 359 117.58.

Í þessu sambandi ber sérstaklega að athuga það, að talsvert af stofnfénu er annaðhvort algerlega óarðbært, svo sem það, sem liggur í hinu ófullgerða ísframleiðslukerfi, og að niðursuðuverksmiðjan hefur ekki verið rekin með svo miklum krafti sem mögulegt hefði verið, ef fjárskortur hefði ekki hamlað. Enn fremur var, svo sem kunnugt er, þorskvertíðin á árinu 1948 sérstaklega óhagstæð, þar eð róðrar hófust mjög seint vegna síldarvertíðarinnar, og óvenjulegar ógæftir hömluðu veiðum, þegar á leið.

Svo sem séð verður af framansögðu, hefur rekstur fiskiðjuversins hingað til orðið óhagstæður, og stafar það af því, að fyrirtækið er alls ekki fullgert, og hefur ekki tekizt að afla fjár þess, sem þarf til þess að fullgera það. Eini liður starfrækslunnar, sem segja má, að geti starfað með fullum afköstum og eðlilegum framleiðslukostnaði, er frystingin. Niðursuðuverksmiðjan er hins vegar aðeins að nokkru leyti starfhæf, og verður kostnaður við framleiðsluna þar hærri en verða þyrfti, ef viðbótarvélar og húsnæði væru fyrir hendi.

Áætlaður kostnaður við að fullgera vélar niðursuðuverksmiðjunnar og greiða skuldir við ýmis vélaverkstæði fyrir vinnu, sem þegar hefur verið framkvæmd vegna frystihússins, er kr. 423 000.00, en viðbótarbygging, aðallega fyrir geymslu fyrir niðursuðuverksmiðjuna, dósagerð o. s. frv., kr. 450 000.00.

Ísframleiðslukerfið er ófullgert og algerlega óstarfhæft, og er áætlað, að kr. 215 000.00 þurfi til að fullgera það.

Það er fyrirsjáanlegt, að rekstur fyrirtækisins getur ekki orðið viðunanlegur, nema það sé fullgert og starfrækt með nokkurn veginn fullum afköstum. Fc til þess að fullgera fyrirtækið og að nokkru leyti til þess að reka það hefur hins vegar ekki fengizt enn þá, en gera verður ráð fyrir, að úr þessu rætist, þegar málefnum fiskiðjuversins hefur verið skipað með lögum og rekstrinum síðan komið í eðlilegt horf.